

Suðurnesjabær  
Jón Ben. Einarsson  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík, 25. ágúst 2021  
UST202107-305/A.Þ.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Garðs 2013 – 2030 – afþreyingar- og ferðamannasvæði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðs er barst 29. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Garðs 2013 - 2030.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka svæði með skilgreinda notkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis til suðurs á skilgreint opið svæði sunnan Skagabrautar í núgildandi skipulagi. Nefndur er sá möguleiki að koma þar fyrir heilsulind og aðstöðu henni tengdri.

### **B- og C-hluti náttúruminjaskrár**

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem skipulagstillagan nær til er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og nefnist Kalmanstjórn-Garðskagi en svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fugla. Svæðið einkennist af þangfjörum með leirublettum. Þar er lítilsháttar fjörubeit og sums staðar veruleg æðardúnþekja og er svæðið vinsælt útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykktur af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er auk þess nr. 108 á náttúruminjaskrá (C-hluti). Um svæðið segir: „Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sangerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávarfjarnir og mikið fuglalíf.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til svæða á B- og C-hluta náttúruminjaskrár og komið í veg fyrir að verndargildi svæðanna rýrni.

### **Aðgengi meðfram sjó**

Umhverfisstofnun bendir á grein 5.3.2.14. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar segir: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.“ Stofnunin bendir á mikilvægi þess að útivistargildi svæðisins verði ekki skert með mannvirkjagerð.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson  
sviðsstjóri